

Ár 2011, fimmtudaginn 1. desember kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eypór H. Ólafsson í forföllum Ninnu Sifjar Svavarsdóttur og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

## **1. Bréf sem borist hafa frá:**

### **1.1. Nefndarsviði Alþingis frá 23. nóvember 2011.**

Í bréfinu er óskað eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni.

Erindinu vísað til velferðarnefndar en bæjarráð vekur þó athygli á að nú þegar eru heimili eldri íbúa bæjarfélagsins heimsótt með reglubundnum hætti bæði frá heimaþjónustu og Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

### **1.2. Velferðarvaktinni frá 14. nóvember 2011.**

Í bréfinu er áskorun frá velferðarvaktinni um aðgæslu þegar ákvarðanir eru teknar í hagræðingarskyni.

Lagt fram til kynningar.

### **1.3. Orkuveitu Reykjavíkur frá 25. nóvember 2011.**

Í bréfinu eru svör við erindi Hveragerðisbæjar til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur vegna niðurdælingar affallsvatns frá Hellisheiðarvirkjun.

Bæjarráð þakkar greinargóð svör en undrast um leið þá staðreynd sem í bréfinu kemur fram að ekki skuli hafa verið gerð grein fyrir því í umhverfismati fyrir Hellisheiðar- og Hverahlíðarvirkjun að jarðhræringar gætu fylgt niðurdælingu affallsvatns virkjana. Slíkt hefðu jarðfræðingar átt að vita enda eru þessi áhrif alþekkt erlendis. Ef þessum upplýsingum hefur vísitandi verið leynt er slíkt afar ámælisvert. Vekur það óneitanlega spurningar um hvort ekki væri eðlilegra að sérfræðingar óháðir framkvæmdaaðila gerðu umhverfismat í tilfellum sem þessum. Samkvæmt upplýsingum frá OR er niðurdæling enn í fullum gangi en jarðskjálftar hafa dvínað þannig að hugsanlegt er að jafnvægi sé að nást á þessa starfsemi. Bæjarráð fagnar ákvörðun OR um skipan stýrihóps óháðra sérfræðinga sem ætlað er að afmarka og undirbúa verkefni til að vinna úr og greina atburði í tengslum við niðurdælingu á Hellisheiði. Hveragerðisbæ stendur til boða að tilnefna aðila í þennan hóp og samþykkir bæjarráð að Eypór H. Ólafsson, taki sæti í stýrihópnum.

Bæjarráð krefst þess einnig að opinberar eftirlitsstofnanir fylgist vel með þessari stöðu og tryggi að tjón og skaði vegna manngerðra jarðskjálfta geti ekki átt sér stað.

1.4. **Hilmari Þór Hafsteinssyni frá 15. nóvember 2011.**

Í bréfinu er vakin athygli á grein sem Róbert Spanó ritaði í Fréttablaðið um jarðskjálfta á Hengilsvæðinu og einnig greinargerð frá talsmanni neytenda um sama mál.

Bæjarráð þakkar bréfitara fyrir að vekja athygli á greinum Róberts Spanó og Gísla Tryggvasonar sem báðar ljá máls á athyglisverðum álitafnum varðandi manngerða jarðskjálfta á Helligheiði. Með skipan stýrihópsins sem kynnt var í lið 1.3 hefur OR stigið jákvætt skref sem fróðlegt verður að fylgjast með. Hvergerðingar munu ekki sætta sig við að búa við manngerða jarðskjálfta frekar en aðrir íbúar þessa lands og munu bregðast hart við verði framhald á þeim atburðum sem hér urðu í haust. Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að kanna réttarstöðu bæjarbúa í þessu máli.

1.5. **Stjórn FÍÆT frá 18. nóvember 2011.**

Með bréfinu fylgdi bæklingur um starfsemi félags íprótta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi (FÍÆT).

Lagt fram til kynningar.

1.6. **Guðrúnu A. Tryggvadóttur ódagsett.**

Í bréfinu er óskað eftir fundi með bæjarstjórn/bæjarfulltrúum þar sem kynntar verða niðurstöður hóps v. umsóknar Orf líftækni um starfsemi með erfðabreyttar lífverur í tilraunagróðurhúsi Landbúnaðarháskóla Íslands, Reykjum, Ölfusi.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að finna hentugan fundartíma.

1.7. **Landsambandi slökkvilið- og sjúkraflutningamanna frá 17. nóvember 2011.**

Í bréfinu er óskað eftir styrk vegna Eldvarnarátaksins 2011.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við beiðninni í þetta sinn.

1.8. **Byko frá 17. nóvember 2011.**

Í bréfinu óskar Byko eftir að Hveragerðisbær yfirtaki lóðirnar Dalsbrún 36-42.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að kanna lögformlega stöðu bæjarins varðandi skil á umræddri lóð í ljósi nýgengins úrskurðar Hæstaréttar. Þar staðfesti Hæstiréttur dóm héraðsdóms sem hafnaði kröfu fyrirtækis um að fá að skila lóð sem því hafði verið úthlutað í Reykjavík.

## 1.9. Íslenska gámafélaginu frá 23. nóvember 2011.

Í bréfinu sem er afrit af bréfi Íslenska gámafélagsins til Sorpu er fyrirspurn um refsigjaldafyrirkomulag Sorpu bs gagnvart íbúum Flóahrepps, Hveragerðisbæjar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Lagt fram til kynningar.

## 2. Fjárhagsleg málefni:

## 2.1. Viðauki við samning um tjaldsvæðið í Hveragerði.

Lagður fram viðauki við samning við Þór Ólaf Hammer Ólafsson um tjaldsvæðið í Hveragerði.

Viðaukinn samþykktur.

## 2.2. Tekjuforsendur 2012.

Lagðar fram tekjuforsendur fyrir árið 2012

	2009	2010	2011	2012
Vísitölur	322,3	353,6	365,3	384,6
Útsvar	13,28%	13,28%	13,28%	14,48%
Fasteignagjöld				
Fasteignaskattur á húsnæði í A-flokki	0,33%	0,33%	0,37%	0,37%
Fasteignaskattur á húsnæði í B-flokki	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Fasteignaskattur á húsnæði í C-flokki	1,60%	1,60%	1,63%	1,63%
Lóðarleiga á húsnæði í A-flokki	0,80%	0,80%	1,00%	1,00%
Lóðarleiga á húsnæði í B og C flokki	1,50%	1,50%	1,70%	1,70%
Vatnsgjald á húsnæði í A, B og C flokki	0,16%	0,16%	0,18%	0,18%
Holræsagjald á húsnæði í A, B og C flokki	0,25%	0,25%	0,28%	0,28%
Afsláttur ellilífeyrisþega af eigin íbúð tekjutengdur				
Sorphreinsigjald per. tunnu	8.000	12.000	14.000	14.000
Sorpurðunargjald per. tunnu	8.100	12.000	10.000	10.000
Aukatunna "grá"		12.000	12.000	12.000
Fjöldi gjalddaga á fasteignagjöldum	9	10	10	10
Afsl. álagningar ef að fullu greitt fyrir 15. febrúar	10%	5%	0%	0%
Aukavatnsgjald				
Aukavatnsgjald pr. M3	8	8	9	9
Mælaleiga minni en 50mm	5.000	5.000	5.000	5.000
Mælaleiga stærri en 50mm	10.000	10.000	10.000	10.000

## Dýraleyfisgjöld

Árgjald hundaleyfi	13.900	14.500	15.000	15.790
Árgjald kattaleyfi			3.000	3.160
Skráningargjald hunda	14.400	15.000	15.500	16.320
Veittur er 25% afsláttur ef eigandi hunds hefur farið á námskeið um hundahald.				
Veittur er 25% afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega				
Skráningargjald katta	1.700	1.800	1.900	2.000

## Leikskólagjald

4 tíma	10.000	10.500	10.870	11.440
5 tíma	12.500	13.130	13.590	14.310
6 tíma	16.500	15.750	16.300	17.160
7 tíma	17.600	18.480	19.130	20.140
8 tíma	20.000	21.000	21.740	22.890
9 tíma	22.500	27.000	27.950	29.430
Vistgjald milli 16 og 17		6.000	6.210	6.540

Bæjarráðs samþykkir tekjuforsendurnar með eftirfarandi bókun:

Við ákvörðun um tekjuforsendur bæjarins fyrir árið 2012 er horft til verðlagsþróunar og þeirra möguleika á tekjuöflun sem bæjarfélagið hefur. Útsvar er í lögbundnu hámarki. Álagningarprósentur fasteignagjalda eru óbreyttar sem og aðrar álögur á húseigendur í Hveragerði. Gjöld vegna hunda og katta hækka með vísitölu eða um 5,3%. Slíkt hið sama gera leikskólagjöld en við áætlunargerð fyrir árið 2012 er reynt að halda álögum á barnafjölskyldur í algjöru lágmarki. Gjald fyrir heitan hádegismat og salatbar í mötuneyti grunnskólans hækkar um 20 kr pr. máltíð og mun frá áramótum kosta 310 kr. Með því er reynt að mæta hækkunum fyrri ára sem ekki hafa verið settar inni verð máltíðanna nema að litlu leyti. Gjald fyrir klukkustundina í skólaseli nemur 170 kr og hækkar um 10 kr frá því sem nú er. Nokkur hækkun verður á stökum miðum í Sundlaugina Laugaskarði en aðrir liðir hækka minna. Eftir sem áður munu börn og ungmenni yngri en 18 ára og búsett eru í Hveragerði fá ókeypis í sund og slíkt hið sama fá þau börn sem stunda nám í Grunnskólanum en eru búsett í Ölfusi.

### 2.3. Rekstraráætlun 2012.

Lögð fram áætlun um rekstur Hveragerðisbæjar og stofnana hans fyrir árið 2012.

Samþykkt að vísa áætluninni til bæjarstjórnar til fyrri umræðu.

### 3. Fundargerðir til kynningar:

- 3.1. Skólaskrifstofu Suðurlands frá 17. nóvember 2011.
- 3.2. Sorpstöðvar Suðurlands frá 22. nóvember 2011.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 9:50

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)